



Kortlagning og forgangsroðun snjallborgartækifæra Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði, í samstarfi við viðkomandi fagsvið og lykilstofnanir borgarinnar, að draga saman helstu tækifæri Reykjavíkurborgar á sviði snjallborgarlausna. Einnig skal leggja mat á hvar slíkar lausnir geta stutt við eða hraðað verkefnum á verkefnalista meirihluta Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks. Í fyrstu skal líta til helstu borga á Norðurlöndunum og draga saman yfirlit yfir helstu áherslur þeirra og hvaða lærdóm megi draga af því sem þar hefur verið gert.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir fjölmörgum tækifærum til að nýta gögn og stafræna innviði til að bæta þjónustu, auka skilvirkni í rekstri og styðja við markmið borgarinnar um sjálfbærni og lífsgæði. Þróun snjallborgarlausna undanfarin 25 ár sýnir að ávinningur næst þegar tæknin er ekki markmið í sjálfu sér heldur er henni beitt markvisst til að leysa skilgreindar þarfir borga og íbúa hennar.

Innan Reykjavíkurborgar eru þegar til staðar fjölbreytt gögn, kerfi og stafrænir innviðir sem geta skapað grundvöll fyrir frekari þróun snjallborgarlausna er aftur geta snert á þróun mikilvægra þátta á borð við umferðarflæði og hönnun mannvirkja. Jafnframt geta verið tækifæri til aukinnar samþættingar gagna og kerfa og nýtingar skynjara, sjálfvirkni, gervigreindar og annarrar tækni til að styðja við ákvarðanatöku og bæta rekstur og þjónustu.

Tillagan styður jafnframt við framkvæmd Verkefnalista meirihluta Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks, þar sem fjölmörg verkefni kalla á aukna nýtingu tækni, gagna og nýsköpunar. Þar má meðal annars nefna innleiðingu snjallra ljósastýringa um alla borg, kortlagningu á notkun Strætó með tæknilausnum og gervigreind, aukna nýtingu gervigreindar við stafræna þróun borgarinnar og samstarf við sprotafyrirtæki um lausnir á áskorunum borgarinnar. Markviss kortlagning snjallborgartækifæra getur þannig nýst sem sameiginlegur grunnur fyrir þessi og önnur verkefni á verkefnalistanum og stuðlað að því að þau séu metin heildstætt út frá ávinningi, kostnaði, tæknilegum forsendum og framkvæmanleika.

Einar Þorsteinsson
formaður borgarráðs